

BIRTAN AF MYRKUM MÚSÍKDÖGUM

„Kanske munu einhverjir segja að þetta verk mitt sé ekki músik. Mér myndi ekki detta í hug að mótmæla þeirri fullyrðingu, því ég veit ekki hvað músik er, eða hvernig músik á að vera. Þess vegna komponera ég, það er að segja skapa og leita. Deir sem vita hvað músik er, hvernig músik á að vera hlusta aðeins á músik með það eitt fyrir augum að fá þar með staðfestingu á eigin skoðunum, þeir dæma, meta og vega, skilja sauðina frá höfrunum. Deir eru óhæfir til að upplifa eitthvað óþekkt, auka nýja þætti í reynslu sína.“¹

Hér að ofan er að finna upphaf forspjalls Atla Heimis Sveinssonar, tónskálds, að tónverkinu Fönsun III sem frumflutt var sumarið 1964. Verkið hlaut hina verstu útreið gagnrýnenda og í aðdraganda að endurflutningi verksins ári síðar, 1965, fann Atli Heimir sig knúinn til þess að skýra frá sjónarhorni verksins og flutti því þetta forspjall við upphaf tónleikanna. Atli Heimir og hans kynslóð tónskálda fluttu hingað heim margar erlendar hugmyndir um tónlist sem höfðu orðið á vegi þeirra á námsárum þeirra í Evrópu og Bandaríkjunum. Hugmyndirnar ögruðu oft á tíðum stöðluðu frásagnarformi tónlistarinnar og leituðu þar að nýjum leiðum til tjáningar. Við tók nýr frásagnarháttur innan tónlistarinnar og í slíkum tilvikum þarf hver og einn hlustandi að finna eigin leiðir til samteningar. Féllu margar þessar hugmyndir í grýttan jarðveg hér heima á sínum tíma, en hér var á ferð óstöðvandi forvitni og sköpunargleði þessara tónskálda og meðvitund um að tónlist getur nefnilega tekið á sig óendanlegar nýjar myndir, því tónlist er gjörð á milli fólks, ekki formfastur og mælanlegur hlutur. Tjáningarformið getur tekið á sig fjölbreyttar myndir; teikna má á pappír, teikna má í skýin.

„Það er orðið nauðsynlegt öllum tónskáldum að fylgjast nákvæmlega með öllum nýjungum, sem skjóta upp kollinum og taka afstöðu til þeirra. Deir gömlu góðu dagar, þegar tónskáld þurftu lítið annað að gera en láta sér detta í hug nothæf stef og vinna síðan úr þeim á þann hátt, sem þeir höfðu lært á unga aldri, eru löngu liðnir. Núna er það jafn nauðsynlegt tónskáldum og þeim sem fást við raunvísindi að fylgjast vel með í sínu fagi og láta ekkert fara fram hjá sér.“²

Árið 1980 stofnuðu Atli Heimir og Þorkell Sigurðjörnsson, tónskáld, tónlistarhátíðina Myrka músíkdaga undir hatti Tónskáldafélags Íslands. Hátíðin hefur síðan þá verið samfélagsrými þar sem fjölbreyttum sjónarhornum og viðhorfum til tónlistar er gert hátt undir höfði. Hátíðin leggur sig fram við að hlúa að samfélagi samtímatónlistar hér á landi og fagna fjölbreytileikanum og breiddinni, sem nær yfir breitt svið tónlistar, svo mætti segja allt frá „nothæfum stefjum“ til „háværar þagnar“. Það er mikilvægt að hátíð sem þessi endurspeglar samfélag sitt hverju sinni sem samsett er af svo fjölmörgum ólíkum og síkvikum sjónarhornum.

Hátíð sem þessi gerist ekki í tómarúmi og þarf heilmikinn samtakamátt margra aðila svo að úr verði. Aðstandendur Myrkra músíkdaga eru afar þakklátir þeim hópi ríflega 200 fagmanna í tónlist (og margir þeirra upprennandi fagfólk) sem gerðu hátíðina í ár mögulega og tóku þátt í ólíkum hlutverkum, sem tónskáld, flytjendur og framkvæmdaraðilar, svo ekki sé minnst á þá hundruði gesta hátíðarinnar sem sköpuðu hátíðinni fallegt og jákvætt andrúmsloft.

Á hátíðinni í ár voru flutt ein 80 höfundarverk um 60 höfunda, en um helmingur verkanna var frumflutningur og bætist þar með heilmikið í sarp tónlistararfleiðfar hér á landi. Á meðal viðburða sem fram fóru á hátíðinni í ár má nefna hljóðinnsetningar, barnadagskrá, kórtónleika, hljómsveitartónleika, hlustunarrými helgaðri raftónlist, hljóðgöngur, sýning vídjóverka, kammersveitartónleika, sýningu á afrakstri vinnusmiðju um skörun tónlistar og tölvuleikja og margt fleira.

Við þökkum áheyrendum frábæra aðsókn og viðtökur og hlökkum til að hitta ykkur að ári á Myrkum músíkdögum 2027.

Listráð Myrkra músíkdaga,

Ásmundur Jónsson
Björg Brjánsdóttir
Gunnhildur Einarsdóttir
Dráinn Hjálmarsson

¹ Atli Heimir Sveinsson, „Forspjall“, *Neisti* 3. árgangur, 1. tölublað (1965): 8

² Atli Heimir Sveinsson, „Sonorities eftir Magnús Blöndal Jóhannsson: Hugleiðingar um Verkið og Höfundinn“, *Birtingur* 10. árgangur, 1. hefti (1964): 44